

# Lýsigögn annarra fjármálafyrirtækja

## 1. Almennar upplýsingar

### Heiti

Efnahagsyfirlit annarra fjármálafyrirtækja

### Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun

### Tilgangur

Gögnunum er safnað í því skyni að fylgjast með þróun og stærð annarra fjármálafyrirtækja og birta samantekt á upplýsingum frá þeim. Gögnin eru einnig hluti af uppgjöri á innlendum lánamarkaði og fjármálareikningum sem unnir eru í samstarfi við Hagstofu Íslands. Seðlabankinn nýtir gögnin jafnframt í starfsemi sinni.

### Heimildir

Mánaðarlegt efnahagsyfirlit er unnið upp úr gögnum frá fyrirtækjum sem flokkast til annarra fjármálafyrirtækja samkvæmt þjóðhagsreikningastöðlum Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins.

### Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli 32. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands. Í samræmi við 41. gr. laganna hefur Hagstofa Íslands einnig aðgang að þeim gögnum sem Seðlabankinn safnar skv. samstarfssamningi sem stofnanirnar hafa gert með sér.

## 2. Aðferðafræði

Aðferðafræði sú sem Seðlabankinn notar við hagtölugerð um innlent fjármálakerfi byggir á staðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um hagtölur peninga og fjármála. Einnig er tekið mið af alþjóðlegum stöðlum um þjóðhagsreikninga SNA2008 og ESA2010.

Skv. ofangreindum stöðlum er hagkerfinu skipt upp í fimm mismunandi geira auk útlanda. Til innlenda hagkerfisins teljast allar þær stofnanaeiningar sem eru heimilisfastar á Íslandi. Til að teljast stofnanaeining þarf viðkomandi efnahagsleg eining að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Geta átt eignir í eigin nafni
- Geta stofnað til skulda í eigin nafni
- Geta tekið viðskiptalegar ákvarðanir og átt í viðskiptum
- Gera eigin efnahagsreikning (hafi efnahagslega þýðingu að búa hann til)

Til eru tvær tegundir af stofnanaeiningum;

- Heimili
- Lagaleg eða félagsleg eining.

## Flokkunarkerfi

Stofnanaeiningar eru flokkaðar saman í geira innan hagkerfisins á grundvelli starfsemi þeirra, hegðunar og markmiða.

S.1	<b>Innlendir aðilar</b>	Lögaðilar og einstaklingar með lögheimili á Íslandi án tillits til ríkisfangs sbr. skilgr. laga nr. <a href="#">87/1992</a> .
S.11	<b>Atvinnufyrirtæki</b>	Stofnanaeiningar sem framleiða vörur og þjónustu til sölu á markaði.
S.12	<b>Fjármálageiri</b>	Stofnanaeiningar sem veita fjármálaþjónustu og hafa milligöngu á fjármálamarkaði.
S.121	Seðlabanki	Stofnanaeining sem hefur það megin hlutverk að gefa út gjaldmiðil og vinna að því að viðhalda virði hans, varðveita og ávaxta gjaldeyrisvaraforða landsins ásamt því að veita lánaþyrngreiðslu til innlánsstofnana
S.122	Innlánsstofnanir	Stofnanaeiningar sem hafa fjármálamilligöngu að meginstarfsemi: taka við innlánnum, gefa út skuldabréf og víxla, veita lán og fjárfesta í verðbréfum fyrir eigin reikning. T.d. viðskiptabankar og sparisjóðir.
S.123	Peningamarkaðssjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Peningamarkaðssjóðir fjárfesta fyrir eigin reikning fyrst og fremst í innlánnum, hlutdeildarskírteinum peningamarkaðssjóða og skammtíma verðbréfum þar sem ávöxtun tekur mið af peningamarkaðsskjöllum.
S.124	Aðrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir	Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, aðrir en þeir sem eru flokkaðir sem peningamarkaðssjóðir.
S.125	Önnur fjármálafyrirtæki	Fjármálafyrirtæki sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu með því að stofna til skulda, án þess þó að taka við innlánnum eða gefa út hlutdeildarskírteini, í þeim tilgangi að eignast fjáreignir. T.d. lánaþyrntæki, fjárfestingabankar, fjármögnunarleigur, verðbréfafyrirtæki, greiðslukortafyrirtæki.
S.125X	Fjármálafyrirtæki í slitameðferð	Fjármálafyrirtæki sem hafa verið sett í slita – eða nauðasamningaferli og starfsleyfi afturkallað.
S.126	Fjármálaleg hliðarstarfsemi	Stofnanaeiningar sem fyrst og fremst sinna starfsemi nátengdri fjármálamilligöngu með fjáreignir og skuldir án þess þó að viðkomandi fyrirtæki eignist eignirnar eða skuldi það sem það hefur milligöngu um. T.d. verðbréfa- og váttryggingamiðlarar, rekstrarfélög, kauphallir, rekstraraðilar greiðslukerfa.
S.127	Innbyrðis fjármálastarfsemi	Stofnanaeiningar sem sinna fjármálamilligöngu þar sem viðskipti með eignir þeirra og skuldir fara sjaldnast fram á opnum markaði. Hér er átt við fyrirtæki sem eiga í viðskiptum innan afmarkaðs hóps (s.s. við dótturfélög eða félög í eigu sama móðurfélags). T.d. eignarhaldsfélög og sértæk félög (SPE).
S.128	Váttryggingarfélag	Stofnanaeiningar sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu þar sem að áhættu er safnað saman, aðallega í formi beinna trygginga eða

		endurtrygginga. T.d. líf- og skaðatryggingafélög.
S.129	Lífeyrissjóðir	Stofnanaeiningar sem fyrst og fremst taka þátt í fjármálamilligöngu með því að tryggja sjóðsfélögum tekjur eftir starfslok eða við örorku skv. lífeyrisréttindum þeirra.
<b>S.13</b>	<b>Hið opinbera</b>	Stofnanaeiningar sem hafa löggjafar-, dóms- eða framkvæmdavald yfir öðrum stofnanaeiningum. Opinberir aðilar veita þjónustu við verði sem stendur ekki undir meginhluta kostnaðar og eru einkum fjármagnaðir í gegnum skatta og opinber gjöld.
S.1311	Ríkissjóður	Ráðuneyti og undirstofnanir þeirra sem og löggjafarvald.
S.1313	Sveitarfélög	Stjórnsýslustofnanir á sveitastjórnastigi.
<b>S.14</b>	<b>Heimili</b>	Einstaklingar einn eða fleiri, sem deila húsnæði og sameinast um útgjöld vegna fæðis og húsnæðis.
<b>S.15</b>	<b>Félagasamtök sem þjóna heimilum</b>	Stofnanaeiningar sem framleiða vöru eða þjónustu fyrir heimili frítt eða við lágu verði og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. T.d. Stéttafélög, stjórnsmálaflokkar, trúfélög, íþróttafélög og áhugafélög.
<b>S.2</b>	<b>Erlendir aðilar</b>	Stofnanaeiningar sem hafa heimilisfesti utan Íslands.

## Virðismat eigna og skulda

Eignir og skuldir eru metnar á markaðsvirði/gangvirði eða nafnverði með áföllnum vöxtum og verðbótum.

- Markaðsvirði: Verðmat verðbréfa eins og það hefur myndast á opinberum verðbréfamarkaði.
- Gangvirði: Áætlað markaðsvirði verðbréfa sem ekki eru skráð á opinberum markaði. Við mat á hlutabréfum er t.d. stuðst við sjóðstreymisgreiningar og samanburðargreiningar. Við mat á öðrum fjármálagerningum er t.d. stuðst við samanburðargreiningar og verð í síðustu viðskiptum.
- Nafnvirði: Upprunalegt nafnverð án þess að tillit sé tekið til virðisrýrnunar. Til nafnvirðis teljast áfallnir vextir og verðbætur.
- Fjármálagerningar í erlendum gjaldmiðlum eru reiknaðir í íslenskar krónur miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðils síðasta dag reikningskilamánaðar.

Flokkur	Virðismat
Seðlar og mynt	Nafnvirði
Innstæður	Nafnvirði (með áföllnum vöxtum og verðbótum)
Markaðsskuldabréf	Markaðs- eða gangvirði
Lán	Nafnvirði (með áföllnum vöxtum og verðbótum)
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	Markaðs- eða gangvirði (eignir); nafnvirði (skuldir)

Vátrygginga- og lífeyrisskuldbindingar	Markaðs- eða gangvirði, nema fyrirframgreiðslur tryggingaiðgjalda sem eru á nafnvirði
Afleiður og kaupréttir	Markaðs- eða gangvirði
Viðskiptakröfur / skuldir	Nafnvirði með áföllnum vöxtum

### 3. Hugtök

**Seðlar og mynt** samanstanda af peningaseðlum og mynt sem eru á föstu nafnvirði og eru gefin út af seðlabönkum eða ríkisstjórnnum. Seðlar og mynt eru þeir peningar sem eru í sjóði hjá innlánsstofnunum.

**Viðskiptareikningur í Seðlabanka** er innlánsreikningur í íslenskum krónum sem lánastofnanir skv. 1.-4. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er heimilt að hafa í Seðlabanka Íslands. Bindiskyld fjármálafyrirtæki leggja bindifé í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um bindiskyldu inn á viðskiptareikning sinn. Viðskiptareikningur er jafnframt stórgreiðslureikningur sem notaður er við uppgjör fjármálafyrirtækis í greiðslukerfi eða verðbréfauppgjörskerfi.

**Aðrar eignir í Seðlabanka:** samanstanda af innstæðubréfum, bundnum innlánnum og gjaldeyrisreikningum.

- Innstæðubréf eru skammtímaskuldabréf gefin út af Seðlabanka Íslands. Bréfin eru boðin út og þátttaka í útboðunum og réttur til að eiga innstæðubréfin takmarkast við fjármálafyrirtæki í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.
- Bundin innlán í Seðlabanka eru innstæður í Seðlabanka sem eru með umsömdum binditíma.
- Gjaldyrisreikningar í Seðlabanka er innlánsreikningar í Seðlabanka í erlendum gjaldmiðlum.

**Innlán hjá innlendum og erlendum bönkum** eru fjármunir sem lagðir eru inn á reikning í innlánsstofnun til ávöxtunar til lengri eða skemmri tíma. Innlánin geta verið smásöluinnlán eða heildsöluinnlán.

**Útlán** er samheiti yfir öll útlán lánafyrirtækja í hvaða formi sem þau eru. Útlán eru fjáreignir með föstum og útreiknanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði og ganga almennt ekki kaupum og sölum á eftirmarkaði. Tegundir innlendra útlána eru:

- Víxill er skrifleg áskorun í ákveðnu formi frá útgefanda, til annars manns, greiðanda, um að hann greiði peninga til þriðja manns. Víxlar geta verið víxlar á hendur öðrum manni eða eigin víxlar. Með eigin víxli tekur útgefandinn sjálfur að sér að greiða víxilfjárhæð á gjalddaga. Víxlar eru jafnan óverðtryggðir og yfirléitt notaðir ef um skammtíma fjármögnun er að ræða, þ.e. 4 mánuðir eða skemur. Víxlar eru yfirléitt ekki gefnir út til lengri tíma en eins árs.
- Verðtryggð útlán eru skuldabréf til 5 ára eða lengur, þar sem höfuðstóll breytist í samræmi við ákveðna vísitölu sem tryggir að skuldabréfið haldi verðgildi sínu. Skuldabréf er skrifleg yfirlýsing útgefanda (skuldara) um skyldu hans til að greiða öðrum aðila (kröfuhafa) ákveðna upphæð ásamt vöxtum yfir tiltekinn tíma og endurgreiða lánið á gjalddaga. Algengt er að skuldabréf séu gefin út til 5-30 ára og þau geta ýmist verið verðtryggð eða óverðtryggð. Verðtryggð skuldabréf samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár (nr. 492/2001miðast við vísitölu neysluserðs.

- Önnur útlán og kröfur eru óverðtryggð skuldabréf og kröfur aðrar en viðskiptakröfur. Krafa er lögvarin heimild eins aðila til að krefjast greiðslu af öðrum aðila þ.e. skuldara. T.d. millibankalán og kröfur á hendur dótturfélögum.
- Eignaleigusamningar eru samheiti yfir fjármögnunarleigu og kaupleigu. Þeir eru ólíkir beinum lánnum að því leyti að þeir byggja á því að lánveitandinn kaupir lausafé eða fasteign sem viðskiptavinurinn óskar og leigir honum til fyrirfram umsamins tíma. Þannig er eignarrétturinn helsta trygging lánveitandans.

**Niðurfærslur** eru varúðarfærslur lánveitanda vegna endurheimtu útlána. Niðurfærslum er skipt í tvennt, almenna niðurfærslu og sérstaka. Almenn niðurfærsla er gerð vegna mats á áhrifum almenns efnahagsástands á væntar endurheimtur útlána. Sérstakar niðurfærslur eru hins vegar gerðar vegna mats á væntu útlánatapi einstakra viðskiptavina.

**Markaðsverðbréf** er framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Sem dæmi um markaðsverðbréf má nefna spariskírteini, ríkisbréf, ríkisvixla, húsbréf, húsnaðisbréf, íbúðabréf og hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

- Markaðsskuldabréf er framseljanlegt skuldabréf sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Markaðsskuldabréf geta verið verðtryggð, þ.e. tengd höfuðstóll þeirra breytist í samræmi við ákveðna vísitölu, óverðtryggð eða í erlendum gjaldmiðlum. Markaðsvixlar falla einnig undir þennan lið.
- Hlutabréf er ávísun á ákveðinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag. Hlutafélagið gefur út sérstakt skjal (hlutabréf) til sönnunar því að eigandi þess (hluthafi) eigi ákveðinn hlut í eignum fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutabréf eru oftast viðskiptabréf, þ.e. þau geta gengið kaupum og sölum eins og tilgreint er í samþykktum félagsins.
- Hlutdeildarskírteini eru fjármálagerningar sem staðfesta tilkall allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar, í sama hlutfalli og nemur hlutdeild þeirra í heildarfjölda útgefinna hlutdeildarskírteina.

**Hlutdeildarfyrirtæki:** Fyrirtæki, þar sem beinn og óbeinn eignarhlutur nemur 10-50% af eigin fé eða atkvæðisrétti.

**Tengd fyrirtæki:** Dótturfyrirtæki fyrirtækis, móðurfyrirtæki þess eða systurfyrirtæki (þ.e. fyrirtæki undir sama móðurfyrirtæki). Skilyrði er að eignarhlutur sé >50%.

**Afleiður** eru samningur þar sem uppgjörsákvæði samningsins byggir á þróun einhvers þáttar s.s. vaxta, gengis gjaldmiðla, hlutabréfagengis, hlutabréfavisitölu eða verðs á hrávörum. Virði slíks samnings byggir á þróun þessara undirliggjandi þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags og engin krafa er gerð um greiðslu í upphafi samnings. Samningur af þessu tagi er gerður upp í framtíðinni.

**Aðrar eignir** samanstanda af fastafjármunum, óefnislegum eignum, viðskiptakröfum, skatteignum og öðrum eignum, ótöldum annarsstaðar.

**Skuldir við Seðlabanka** samanstanda einkum af daglánum og lánum gegn veði en geta einnig verið afleiður eða aðrar skuldir við bankann.

- Daglán eru lán Seðlabanka til innlánsstofnana og annarra lánastofnanna sem eru í viðskiptum við Seðlabankann sem veitt eru yfir nótt þegar stofnanir hafa farið yfir á viðskiptareikningi í Seðlabankanum.
- Lán gegn veði eru ákveðin tegund af láni gegn tryggingu í verðbréfum. Þetta form viðskipta er víða notað í lánaþyrngreiðslu seðlabanka við banka og fjármálastofnanir. Lán gegn veði við lánastofnanir eru nú til 7 daga í senn.
- Aðrar skuldir við Seðlabanka. Aðrar kröfur eða skuldir við Seðlabanka en vegna daglána og lántöku gegn veði t.d. vegna uppgjörs á skuldum tengdum fjármálaáfallinu 2008.

**Verðbréfaútgáfa** er skuldabréfaútgáfa og víxilútgáfa til lánsfjárflyunar.

- Innland verðbréfaútgáfa. Útgáfa skuldabréfa á innlendum markaði án tillits til í hvaða gjaldmiðli skuldabréfið er. Kaupendur skuldabréfanna geta ýmist verið innlendir eða erlendir aðilar.
- Verðtryggð verðbréfaútgáfa: Skuldabréfaútgáfa þar sem skuldabréfin eru verðtryggð samkvæmt [reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár \(nr. 492/2001\)](#).
- Óverðtryggð verðbréfaútgáfa: Skuldabréfaútgáfa þar sem skuldabréf í íslenskum krónum eru óverðtryggð eða skuldabréfin eru í erlendum gjaldmiðlum.
- Erlend verðbréfaútgáfa. Útgáfa skuldabréfa á erlendum markaði án tillits til í hvaða gjaldmiðli skuldabréfið er. Kaupendur skuldabréfanna geta ýmist verið innlendir eða erlendir aðilar.
- Lánstími. Miðað er við upphaflegan lánstíma lánsins. Skammtímalán eru lán til eins árs eða skemur. Langtímalán eru lán til lengri tíma en eins árs. Þar sem miðað er við upphaflegan lánstíma teljast lán til lengri tíma en eins árs ávallt langtímalán jafnvel þó að raunefirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri.

**Víkjandi lán** eru lán sem við slit eða gjaldþrot lántakanda er endurgreitt í samræmi við lánsskilmála á eftir öllum öðrum kröfum á hendur lántakanda.

- Innland víkjandi lán: Víkjandi lán tekið hjá innlendum aðila án tillits til í hvaða gjaldmiðli lánið er.
- Erlend víkjandi lán. Víkjandi lán tekið hjá erlendum aðila án tillits til í hvaða gjaldmiðli lánið er.
- Lánstími. Miðað er við upphaflegan lánstíma lánsins. Skammtímalán eru lán til eins árs eða skemur. Langtímalán eru lán til lengri tíma en eins árs. Þar sem miðað er við upphaflegan lánstíma teljast lán til lengri tíma en eins árs ávallt langtímalán jafnvel þó að raunefirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri.

**Beinar lántökur** eru formlegir samningar á milli tveggja aðila (án milligöngu þriðja aðila) þar sem annar aðilinn (lánveitandi) lánar hinum (lántaki) ákv. fjárhæð gegn skriflegu loforði lántaka um endurgreiðslu lánsins skv. ákveðnum skilmálum. Innlán og útgáfa markaðsverðbréfa falla ekki hér undir. Beinum lántökum er skipt upp eftir því hvort um verðtryggð lán er að ræða eða annars konar lán (óverðtryggð eða í erlendum gjaldmiðlum).

- Innlendar lántökur: Lán tekið hjá innlendum aðila án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli lánið er. Skiptist í langtímalántökur og lántökur til skamms tíma.

- Erlendar lántökur: Lán tekið hjá erlendum aðila án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli lánið er. Skiptist í langtímalántökur og lántökur til skamms tíma.
- Lánstími. Miðað er við upphaflegan lánstíma lánsins. Skammtímalán eru lán til eins árs eða skemur. Langtímalán eru lán til lengri tíma en eins árs. Þar sem miðað er við upphaflegan lánstíma teljast lán til lengri tíma en eins árs ávallt langtímalán jafnvel þó að raunefirstöðvatími sé orðinn eitt ár eða styttri.

**Eigið fé** er allur eignahlutur eigenda í fyrirtæki. Eigið fé jafngildir mismun eigna og skulda.

## 4. Áreiðanleiki gagna

Stærstu fjármálafyrirtækin skila mánaðarlegu efnahagsyfirliti til Seðlabankans 20. hvers mánaðar. Efnahagsyfirlitin innihalda gögn um eignir og skuldir sundurliðuð eftir tegund fjármálagerna, mótaðilum viðskipta og gjaldmiðlum. Fjárhæðir miða við stöðu í lok mánaðar.

Ýmis önnur fjármálafyrirtæki skila samsvarandi skýrslum ársfjórðungslega en fyrir verðbréfafyrirtæki og smálánafyrirtæki eru gögn úr ársreikningi notuð. Með þessu móti er hægt að ná fram yfir 90% þekju fyrir geirann.

Úrvinnsla gagna fer fram í Seðlabankanum. Nýjustu tölur eru ávallt bráðabirgðatölur. Leiðréttingar eru gerðar á gögnum eftir að þau hafa verið birt ef um umtalsverð frávik er að ræða frá birtum gögnum. Gögn sem fengin eru ársfjórðungslega eða árlega eru framreiknuð milli skila. Erlendir liðir eru framreiknaðir miðað við gengi erlendra gjaldmiðla og verðtryggðir liðir miðað við vísitölu neysluverðs.

## 5. Endurskoðun gagna

Eftir ársuppgjör fyrirtækjanna eru hagtölur desember mánaðar viðkomandi árs uppfærðar miðað við endurskoðuð gögn frá fjármálafyrirtækjunum. Þessi uppfærsla á sér stað í mars-apríl ár hvert.

## 6. Birting

Birting gagna er einu sinni í mánuði í Hagtölum á vefsíðu Seðlabankans. Gögn eru birt á mánaðarlegri tíðni frá desember 1997.

Í birtingu gagna er miðað við svokallaða S-geira flokkun sem á uppruna sinn í þjóðahaggreikningum en hefur verið tekin upp í fleiri stöðlum um hagtölur fjármála og fjármálareikninga. Sjá kafla: Aðferðafræði.

## 7. Athugasemdir

### Breytingar á geira-/atvinnugreinaflokkun

Gögn um önnur fjármálafyrirtæki ná aftur til mars 1992. Eldri gögn hafa verið endurflokkuð til samræmis við núverandi sundurliðun gagnanna í viðleitni til að búa til sem samræmdust gögn yfir

tíma. Gögn fyrri ára eru ekki jafn ítarleg og nýrri gögn. Við endurflokkun gagna voru innbyrðis skekkjur í gögnum lagaðar eftir því sem þurfa þótti. Niðurstöður geta því verið örlítið aðrar en í prentuðum heimildum fyrri ára. Mismunurinn er þó óverulegur, yfirleitt á bilinu 0,1-0,5%.

Samfelld atvinnugreinaflokkun útlána og markaðsskuldabréfa hófst í mars 1992.

Í október 2003 var tekin upp atvinnugreinaflokkun skv. ÍSAT staðli – ÍSAT95–sem Hagstofa Íslands gaf út. Við það urðu breytingar á nokkrum flokkunum sem valdið geta brotum í tímaröðum.

- Sjávarútvegur flokkaðist skv. ÍSAT95 undir fiskveiðar, vinnsla sjávarafurða undir iðnað og sala sjávarafurða féll undir verslun. Fyrir upptöku ÍSAT95 féll vinnsla og sala einnig undir sjávarútveg.
- Landbúnaður flokkaðist skv. ÍSAT95 undir landbúnað, vinnsla landbúnaðarafurða undir iðnað og sala landbúnaðarafurða féll undir verslun. Fyrir upptöku ÍSAT95 féll vinnsla og sala einnig undir landbúnað.
- Raforkumál flokkaðist skv. ÍSAT95 undir veitur. Fyrir upptöku ÍSAT95 flokkuðust hitaveitur í eigu sveitarfélaga til sveitarfélaga en frá og með upptöku ÍSAT95 hafa þær tilheyrt veitum.
- Hætt var að flokka á milli byggingarverktaka íbúðarhúsnæðis og annarra verktaka.
- Hætt var að greina á milli íbúðalán og annarra lána heimila. Sú flokkun var þó tekin upp aftur 2007.
- Rekstur einyrkja á eigin kennitölu flokkast sem heimili.

Atvinnugreinaflokkun skv. ÍSAT2008 var tekin upp árið 2007.

- Helstu breytingar við það voru að eignarhaldsfélög voru tekin út úr þjónustulið innan atvinnufyrirtækjageira. Ákveðið var að hafa eignarhaldsfélög sem sérlið en hvorki hluta af fjármálageira né atvinnufyrirtækjageira.
- Breyttur ÍSAT staðall flokkaði einnig upplýsingar og fjarskipti til þjónustu innan atvinnufyrirtækjageira en hluti þeirra hafði tilheyrt iðnaði og samgöngum/flutningum áður.
- Skipting útlána til heimila í íbúðalán og önnur lán var tekin upp aftur.

Nokkrar breytingar urðu á atvinnugreinaflokkun við upptöku nýrra staðla um þjóðhagsreikninga og hagtölur peninga- og fjármála í mars 2015.

- Atvinnufyrirtæki: Þjónusta innan atvinnufyrirtækjageira flyst að hluta í nýja geira „S. 15 Félagasamtök sem þjóna heimilum“ og „S. 126 Fjármálalega hliðarstarfsemi“.
- Eignarhaldsfélög. Slitabú gömlu bankanna eru flutt úr eignarhaldsfélögum yfir í nýjan geira „Fjármálafyrirtæki í slitameðferð“.
- Verðbréfa- og fjárfestingasjóðir: Peningamarkaðssjóðir fluttir yfir í sérgeira „S. 123 Peningamarkaðssjóðir“
- Fjármálafyrirtæki: Í eldri gögnum voru „b.a. liðir“ sem þýddi að samlagning þeirra jafngildi ekki heildarfjárhæð. Við innleiðingu nýrra staðla var þessu breytt þannig að samlagning undirliða jafngildi ávallt heildarfjárhæð. Þar sem mismunur var fyrir hendi í eldri gögnum var liðurinn „önnur fjármálafyrirtæki“ látinn bera mismuninn.
- Fjármálafyrirtæki. Eignarhaldsfélög eru flutt undir fjármálageira í „S127 Innbyrðis fjármalastarfsemi“